



Stjórnarfundur FRÍ

Dags: Þriðjudagur 15. nóvember 2022

Fundur: 10. fundur stjórnar 2022-2024

Staðsetning: Zoom

Mætt:

Aðalstjórn: Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Auður Árnadóttir, Bergþóra Guðjónsdóttir, Freyr Ólafsson, Jóhann Haukur Björnsson.

Varastjórn: ~~Björgvin Víkingsson, Eiríkur Mörk Valsson, Hjördís Ólafsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Rannveig Oddsdóttir.~~

Starfsmenn: Guðmundur Karlsson, Íris Berg Bryde

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Boðun fundar og rafrænt afgreidd erindi.

Boðun samþykkt. Engin erindi afgreidd rafrænt á milli funda.

2. Fundargerðir fyrri funda, samþykkt og birting.

Fundargerðir hafa nú verið fullfrágengnar, verða sendar út eftir fund.

3. Fjármál - Uppfærðar áætlanir eins og kynntar á formannafundi

Gjaldkeri fer yfir rekstur FRÍ og uppfærðar áætlanir eins og þær voru kynntar á formannafundi. Verðbólga og verðhækkningar hafa neikvæð áhrif, ásamt færri iðkendaskráningum en aukin mótáþátttaka vegur á móti.

Fjárhagsáætlun 2023 miðað við kynntar hækkningar, var samþykkt, með fyrirvara um að hækkun í landsliðsverkefnum sé lægri en upphaflega var gengið út frá.

4. Tillögur um hækkunar gjalda og kynning á þeim.

Formaður fer í gegnum tillögur til hækkana. Eftir umræður samþykkt tillaga um þrjár tillögur, líkt og kynnt á formannafundi, með einni breytingu til lækkunar, á þátttöku í landsliðsverkefnum, en á móti verði leitað allra leiða til að lækka útgjöld í keppnisferðir.

- Skráningargjöld á mót hækki um 30% árið 2023 og önnur 30% árið 2024. Þá verði hlutur FRÍ 35% af skráningargjaldi.

- b. Iðkendagjald verði hækkað í 2.000,- á hvern skráðan iðkanda í frjálsíþróttum, óháð aldri eða grein, árið 2023 og 2.500,- árið 2024.
- c. Gjald vegna þátttöku í landsliðsverkefnum verði 70.000,- fyrir hvern þátttakanda árið 2023, en 90.000,- fyrir árið 2024.
- d. Framkvæmdastjóra og formanni falið að taka fund með hlaupahöldurum vegna innheimtu á þátttökugjöldum í viðurkenndum hlaupum frá og með 1.1.2023.

5. Afreksúthlutun hausts.

Framkvæmdastjóri fer yfir afreksúthlutun hausts áður kynnt stjórn. Úthlutun er samþykkt með fyrirvara um viðbætur og nafnabreytingar í unglingsflokki sem enn eru í vinnslu.

6. Önnur mál

- a. Stjórn samþykkir formlega breytta **stjórnun mótamála** líkt og kynnt var á nýliðnum formannafundi, m.a. til að bregðast við breyttum kröfum frá World Athletics.
- b. **Formannafundur** var haldinn 8. nóvember síðastliðinn, fundurinn var vel sóttur og heppnaðist vel í alla staði vel.
- c. Stjórn fór yfir og samþykkti sínar **tilnefningar** vegna uppskeruhátíðar.
- d. **Stóri FRÍ-dagurinn** - Hugmynd, kostnaðar- og tímaáætlun kynnt. Hugmyndin hefur þróast í átt að lýðheilsuefingu landans þannig að verkefnið sé í gangi allt árið og nái hámarki með FRÍ-deginum. Hugsað fyrir grunnskóla, og stækka síða upp í allan hópinn, frá leikskóla upp í dvalarheimili aldraðra. Þó nokkrar spennandi hugmyndir og vangaveltur í gangi. Fjárhagsleg áhætta FRÍ rædd og möguleikar út frá því. Tímasetningar einnig ræddar, skynsamlegt að miða við lok grunnskólanna. Markmið að þetta verði tekjuliður fyrir sambandið með tímanum. Stjórn samþykkir að halda verkefninu og forma samstarf við sérstakan verkefnastjóra.

Formaður kynnir erindi frá Smáþjóðum varðandi Safe Guarding. Evrópska frjálsíþróttasambandið er að fara af stað með verkefni þar sem unnið er með Safe Guarding - svipaðar þjóðir sameinaðar. Ætlast til að við lok árs 2023 ættu öll sérsambönd að vera komin með Safe Guarding Policy measures. Óskað er eftir sjálfböndum. Samþykkt að formaður sendi út frekari upplýsingar á stjórnarfólk sem leggur höfuðið í bleyti til að finna aðila í verkefnið.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.00

Ritun fundargerðar: Bergþóra Guðjónsdóttir, ritari FRÍ.